

7. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn föstudaginn 24. september kl.17:00 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

Einnig sátu fundinn Jón Valgeirsson sveitarstjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti og Marta Esther Hjaltadóttir

Dagskrá:

- 1. Starfslýsing starfsmanns umhverfis - og ruslamála.**
- 2. Gáma- og grenndarsvæði, staða og skipulag.**
- 3. Drög að stefnu í úrgangsmálum.**
- 4. Hreint Suðurland, hreinsunaráttak heilbrigðiseftirlits Suðurlands; staða átaksins.**
- 5. Áttak við hreinsun á kerfli.**
- 6. Snyrting aspa meðfram vegum.**

1. Starfslýsing starfsmanns umhverfis - og ruslamála.

Farið yfir drög að starfslýsingu og hver er þörf fyrir starfsmann í umhverfismálum. Nefndin er sammála því að mikil þörf er að ráða starfsmann sem sér um gámasvæðið, grenndarsvæðin og sjá almennt um upplýsinga- og fræðslustarf til íbúa um sorpmál. Nefndin krefst þess að ráðinn verður starfsmaður sem fyrst í slíka stöðu.

2. Gáma- og grenndarsvæði, staða og skipulag

Vinna er hafin við að skipuleggja nýtt gámasvæði og hesthúsabyggð. Komin eru drög að hugsanlegu skipulagi svæðisins. Nefndin er sammála um mikilvægi þess að allt sem hinn almenni notandi þarf á að halda sé framarlega á svæðinu. Sniðugt er að fara að skoða hvernig aðrir setja upp svæðin sín. Nú er verið að vinna í því að breyta grenndarsvæðum þannig að sama flokkunarkerfi verði sett upp á grenndarsvæðum eins og er við íbúðahúsnæði í sveitinni. Fagnar nefndin því.

3. Drög að stefnu í úrgangsmálum.

Jón kynnti stefnuna lauslega en hún er enn í vinnsluferli. Margar góðar áherslur koma fram í stefnunni þar sem eru sett markmið til að bæta flokkun og auknar skyldur. Nefndin leggur mikla áherslu á að komið verði upp samræmdu flokkunarkerfi á landinu til að auka flokkun og minnka hættu á rangri flokkun.

4. Hreint Suðurland, hreinsunaráttak heilbrigðiseftirlits Suðurlands; staða átaksins.

Áttakið er í fullum gangi og byrjað á Flúðum. Það er að skila árangri til að vekja fólk til umhugsunar um að halda sínu umráðasvæði snyrtilegu. Mætti vinna þetta í meiri samvinnu við hlutaaðeigandi aðila. Nefndin vill beina því til úttektaaðila að vinna að málinu í meira samstarfi með eigendum svæða sem er verið taka út.

5. Áttak við hreinsun á kerfli.

Grænna Land var falið að halda niðri kerfli í sveitinni í sumar og taka saman hvernig dreifing á honum er í sveitinni. Hann er búinn að dreifast mjög mikið um sveitina. Nefndin leggur til að haldið verði áfram í áttakinu og hvetur nefndin íbúa og nærliggjandi sveitarfélög til að taka þátt í þessu áttaki.

6. **Snyrting aspa meðfram vegum.**

Búið að snyrta aspir mikið í sumar og fagnar nefndin þeirri vinnu. Nefndin leggur áherslu á að farið verði á hverju ári að snyrta rötarskot og sprota til að halda fallegri ásýnd hreppsins.

Fundi slitið 18:45